Lífið er stíll

– sýning Guðrúnar Tryggvadóttur að Kjarvalsstöðum

Sá andi í listum sem skapast hefur í kjölfar póstmódernismans er um margt hliðhollur áttavilltum byrjendum og lítt þroskuðum tæknifríkum.

Póstmódernisminn er nokkurs konar uppgjöf gagnvart samtímanum, sprottinn upp úr kaldhæðni vonleysisins. Þetta vonleysi stafar svo aftur af fáránleikanum í tilverunni, til dæmis gegndarlausri fjölmiðlun og kjarnorkuvá.

Úrkula vonar um að geta sett mark sitt á aðkreppta og hvarflandi samtíð hafa menn gefið markvissa nýsköpun upp á bátinn,

Myndlist

Aðalsteinn Ingólfsson

en hafa þess í stað tekið upp nokkurs konar upprifjunar- eða ívitnunarstefnu, sem felst meðal annars í því að kompónera með stílbrigðum úr fyrri tíma listum, jafnvel að rokka á milli myndstíla og viðfangsefna.

Í þessari myndgerð er sjaldnast gerður greinarmunur á þýðingu og/eða innbyrðis vægi hinna ýmsu hugmynda sem gripnar eru á lofti.


Markverð minni og lítilmótleg, aðalatriði og aukaatriði, fá í stórum dráttum sömu meðferðina í myndum póstmódernista eins og David Salle eða Sigmar Polke, stjörnu síðasta Feneyjatvíærings. Í slíku samkrulli tapa allir myndþættir náttúru sinni.

En það gildir einu, svo fremi sem listamaðurinn nær að búa sér til „stíl", sem er æðsta takmarkið.

Hluti af takmarkinu

Þessi þróun er vatn á myllu byrjenda sem ekki hafa öðlast nægan þroska til nýsköpunar. Tilvísanir í aðra list og listamenn, sem áður voru álitnar hluti af lærdómnum, eru orðnar hluti af takmarkinu.

Sömuleiðis geta ungir listamenn, sem hafa orðið sér úti um mikla tækniþekkingu, en kunna ekki að



Guðrún Tryggvadóttir - Hetjumynd, 1986.

nýta sér hana til sjálfstæðrar sköpunar, valhoppað stefnulaust og óáreittir milli stílbrigða og mótífa, rétt eins og egóið segir fyrir um, klappaðir upp af gírugum galleríeigendum og nýjungagjörnum safnstjórum.

Líkast til er Guðrún Tryggvadóttir, sem nú sýnir í vestursal Kjarvalsstaða, í hópi þeirra síðarnefndu.

Á sýningu hennar eru raunsæjar myndir með sjálfsævisögulegu yfirbragði, til dæmis kátbrosleg mynd af listakonunni berrassaðri á liggjandi hesti, frjálslegar expressjónískar myndir af fólki við einhverja ódefíneraða sýslan, Jesúmyndir í sleiktum, ögn yktum raunsæisstíl, ljóðrænar dulspekistemmur, strangflataafstraksjónir með einhvers konar táknrænum ívitnunum og loks hressilegar afstraktmyndir í expressjóníska stílnum.

Allt þetta gerir sýninguna ansi ruglaða, svo ekki sé meira sagt.

Mikil fyrirferð

Ekki fer á milli mála að listakonan hefur burði til að fást markvisst við eitt eða fleiri þessara viðfangsefna, en veit hins vegar ekkert um hvar hún á að bera niður.

Sterkustu persónueinkennin er að finna í stóru afstraktmyndunum, sem festar eru beint á veggina. Þær gætu verið sprottnar upp úr landslagi, eru málaðar með breiðum pentskúf, hratt og af einlægri innlifun.


Í tengslum við þessa sýningu hefur verið mikil fyrirferð á listakonunni í fjölmiðlum og hefur hún verið óspör á alls kyns sjálfumglaðar yfirlýsingar og gaspur, svo ekki sé minnst á gífuryrði.

Það er út af fyrir sig eftirtektarvert hve fúsir fjölmiðlar eru að kokgleypa allt það sem ýtnir listamenn eða aðstandendur þeirra halda að þeim, í stað þess að freista þess að greina hafrana frá sauðunum.

Skemmst er að minnast tveggja ungra listamanna, sem búnir voru að segja mörgum íslenskum fjölmiðlum frægðarsögur af sjálfum sér langt fram í tímann, án þess að téðum miðlum dytti í hug að grennslast fyrir um sannleiksgildi þeirra.

-ai

Réttast þær nú af, hinar músíkölsku vogarskálar



Norræna húsið

Hversu oft hefur ekki hljóðfæramál ýmissa tónleikahúsa í Reykjavík borið á góma í greinum tónleika? Oftast hafa það verið hnútur og tilefnið því miður jafnan verið ástand slagharpnanna á staðnum. Illa varð Norræna húsið fyrir barðinu á þessu um tíma, enda tilefnið ærið. Hitt máttu menn þó vita, og var raunar einnig tekið fram í skrifum þeim, að ekki væri það ástand í samræmi við metnað þann sem forstaða hússins legði í sinningu menningarmála. Og svo fór að lokum að breyting varð á. Á sunnudegi næsta eftir jafndægur á vori var ný slagharpa vígð í Norræna húsinu við hátíðlega athöfn.

Almennt ánægjuefni

Fjórir mætir píanistar tóku smárispur á hið nýja hljóðfæri til að kynna mönnum hljóm þess og svörun við fingraleikfimi þeirra. Reyndist þar tilefni til ánægju almennt. Hljóðfærið nýja svaraði prýðisvel hóglátum Bach-leik Gísla Magnússonar; Jónasi Ingimundarsyni lét vel að „syngja" eitt af tónaljóðum Schuberts á það og Martin Berkofsky gat brunað að vild fram og til baka í Liszt og fékk ágæta svörun við öllu. Hljóðfærið nýja virtist standa jafngott eftir átök Berkofskys, að minnsta kosti var ekki annað að heyra þegar Halldór Haraldsson spilaði Chopin á það á eftir.

Ný blómatíð í vændum

Það er ástæða til að fagna því með aðstandendum Norræna hússins að hljóðfæramálin skuli nú í höfn. Heldur hefur orðið jöfnuður með Reykjavík og landsbyggðinni í þessum sökum upp á síðkastið. Kammermúsíkklúbburinn varð sér til dæmis úti um ágætt hljóðfæri fyrr í vetur. En góð og vel hirt píanó ættu að vera aðalsmerki hvers þess húss sem notað er til tónleikahalds, jafnt hér í höfuð-

Tónlist

Eyjólfur Melsted

borginni sem annars staðar. Þess má kannski geta, svona í framhjáhlaupi, að í Stykkishólmi vígja þeir hljóðfæri nákvæmlega sömu gerðar og Norræna húsið hefur nú fengið, rétt viku á eftir. Því ber einnig að fagna. Megi menn nú væntra nýrrar blómatíðar í músíkmálum Norræna hússins og vonandi fylgja fleiri tónleikahús í kjölfarið.

-EM